

Fréttatilkynning:

**Afstaða Samtaka fyrirtækja á veitingamarkaði (SVEIT) vegna verkbanns
SA á félagsmenn Eflingar 22. febrúar 2023.**

SVEIT hefur tilkynnt Samtökum atvinnulifsins að fyrirtæki innan végbanda SVEIT telja sig óbundin af ákvörðunum á vettvangi Samtaka atvinnulifsins um verkbann óháð niðurstöðu atkvæðagreiðslu um það.

Félagsmenn SVEIT telja 150 rekstraraðila á veitingamarkaði sem reka um 240 veitingastaði á starfssvæði Eflingar eða sem talið er svara til 55% allra starfa á þeim markaði.

Samtökin hafa ekki fengið sæti við samningsborðið né tekið þátt í kosningu SA um verkbann þrátt fyrir að vera stærstu hagsmunasamtök fyrirtækja á veitingamarkaði. Þar af leiðandi geta samtökin ekki stutt aðgerðir sem hafa það markmið að skila kjarasamningi sem við höfum ekki fengið til yfirferðar né athugasemda.


Eins og kemur skýrt fram í körfu SVEIT til kjaraviðræðna þá hefur SA ekki umboð til gerðar kjarasamnings fyrir hönd fyrirtækja SVEIT. Þótt stéttarfélög vilji gera kjarasamning við SA þá getur slíkur samningur ekki skapað félögum Eflingar réttindi.

Sé vilji stéttarfélaganna til að semja um kjör starfsfólks innan sinna végbanda sem starfa hjá fyrirtækjum í SVEIT er eina leiðin til þess að ganga til viðræðna við SVEIT.

Fyrir hönd stjórnar Samtaka fyrirtækja á veitingamarkaði,



Ádalgeir Ásvaldsson
Framkvæmdastjóri SVEIT



Reyður Þorsteinsson 27.02.2023

Staður og dagsetning